

Kröfu vegna verðtryggingar vísað frá héraðsdómi

Stefnan þótti óskýr að mati dómsins Stefnandi greiðir málskostnaðinn

Máli hjóna gegn Íbúðalánasjóði vegna verðtryggingar á láni þeirra var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þau gerðu þá kröfu að viðurkennt yrði að...



ÍLS Hjónin höfðuðu málið vegna húsnæðisláns hjá Íbúðalánasjóði.

Máli hjóna gegn Íbúðalánasjóði vegna verðtryggingar á láni þeirra var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þau gerðu þá kröfu að viðurkennt yrði að sjóðnum væri ekki heimilt að krefjast greiðslu á neinum hluta heildarlántökukostnaðar, í merkingu tiltekins ákvæðis laga um neytendalán, af húsnæðisláni þeirra.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að krafa hjónanna fjallaði hvorki um tilvist né efni réttinda eða réttarsambands með beinum hætti heldur lyti hún fremur að því að Íbúðalánasjóði hefði ekki verið heimilt að krefja stefnendur um heildarlántökukostnað og yrði það ekki heldur í framtíðinni.

Þessa framsetningu krafna taldi héraðsdómur í andstöðu við ákvæði laga auk þess sem þær væru óskýrar í meira lagi. Í þeim væri meðal annars ekki útlistað hver heildarlántökukostnaðurinn hefði verið, hvernig kostnaðurinn skiptist eða hver hann yrði í framtíðinni. Hjónunum var gert að greiða ÍLS 200.000 krónur í málskostnað.